

Reykjavíkurborg - Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
b.t. Helgu Bjarkar Laxdal
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

2019-08-28 13:00
217080118
1300

Reykjavík, 28. ágúst 2019

Tilvísun: 2019061211/HSB

Efni: Um yfirstandandi endurskoðun á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa í Reykjavík

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta vegna yfirstandandi endurskoðunar á reglum Reykjavíkurborgar um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar, nú síðast bréfs skrifstofu borgarstjórnar til Persónuverndar, dags. 16. ágúst 2019, og uppfærðra draga að umræddum reglum. Líkt og fram kom í síðastnefndu bréfi skrifstofu borgarstjórnar hafa nú verið gerðar minniháttar orðalagsbreytingar á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa, með það fyrir augum að ljóst sé að um valkvæða skráningu sé að ræða.

Persónuvernd hefur yfirfarið reglurnar á ný og vill af því tilefni benda á að gildissvið umræddra reglna er hvergi afmarkað með skýrum hætti. Sé ætlunin að hagsmunaskráning borgarfulltrúa sé valkvæð þyrfti að lágmarki að taka af öll tvímæli um gildissvið reglnanna auk þess að endurskoða allt orðalag sem er til þess fallið að skapa vafa að þessu leyti, þar með talið ákvæði 8. gr. um eftirfylgni. Dæmi um orðalag sem þarfnast endurskoðunar er 2. mgr. 2. gr. reglnanna: „Borgarfulltrúar skulu viðhalda skráningu sinni...“. Sambærilegt orðalag má finna víðar í reglunum, þar sem vísað er til borgarfulltrúa án þess að tiltekið sé að átt sé við þá borgarfulltrúa, sem kjósa að skrá hagsmuni sína í samræmi við reglurnar.

Persónuvernd ítrekar þá afstöðu sem fram kom í bréfi stofnunarinnar, dags. 14. ágúst 2019, að ekkert sé því til fyrirstöðu að bjóða upp á valkvæða skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa sem farið gæti fram á grundvelli samþykkis hins skráða, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einnig a-lið 1. mgr. 6. reglugerðar (ESB) 2016/679. Að mati stofnunarinnar þarfnast fyrirbyggjandi drög að reglum um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa þó enn nokkurra lagfæringa, líkt og að framan greinir, til þess að taka af vafa um það að um valkvæða skráningu sé að ræða.

Með vísan til framangreinds er það álit Persónuverndar að skráning fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa geti talist heimil samkvæmt persónuverndarlögum að því gefnu að reglur um skráninguna verði yfirfarnar og þeim breytt til samræmis við framangreind sjónarmið.



F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Vigdís Eva Líndal
Vigdís Eva Líndal

Afrit: Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar, Dagbjört Hákonardóttir.